

Reykjavík, 18. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Samgöngunefndar.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191.mál.

Neyðarlínan hf. fagnar frumvarpi um fjarskiptasjóð sem hún telur vera mikið framfaramál.

Fyrirtækið leggur áherslu á að neyðar- og öryggisfjarskipti njóti framlaga úr sjóðnum en þar er um að ræða fjarskiptakerfi sem aðskilið frá er almennu símakerfi og er sérstaklega byggt til afnota fyrir viðbragðsaðila og öryggisþjónustu. Þannig rekur Neyðarlínan hf. í dag kerfi strandstöðva sem áður var í eigu Landssíma Íslands og er grundvallaratriði fyrir rekstur vakstöðvar siglinga. Þá er Neyðarlínan hf. einnig eigandi að TETRA-fjarskiptakerfmu ásamt Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur en TETRA-kerfið gegnir lykilhlutverki í fjarskiptum fyrir Almannavarnir, lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir. Bæði strandstöðvarnar og TETRA-kerfið þarfnast stuðnings af opinberu fé á næstu árum, enda er rekstur þeirra ekki samrýmanlegur sölu þjónustu á almennum markaði og nauðsynlegt er að ljúka útvíkkun þjónustukerfis TETRA-kerfisins sem fyrst.

Sem athugasemd við einstakar greinar frumvarpsins vill Neyðarlínan hf. leggja til að í 3. gr. verði mælt fyrir um ráðuneyti almannavarna þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem og fjármálaráðuneytið eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Neyðarlínan hf.


Þorhallur Ólafsson